



ÍPRÓTTAFÓLK ÁRSINS 2022



ÍPRÓTTA- OG
ÓLYMPÍUSAMBAND
ÍSLANDS





Akstursípróttakona og Akstursípróttamaður ársins eru **Bergþóra Káradóttir og Gunnar Karl Jóhannesson**



Bergþóra Káradóttir

Aldur: 18 ára

Félag: Akstursípróttafélag Suðurnesja

Bergþóra hefur keppt í Rallycrossi frá árinu 2019.

Hún hóf sinn feril í unglingsflokki og færði sig yfir í 1000cc flokk þegar hún fékk bílprófið árið 2021.

Bergþóra hefur verið að bæta sig jafnt og þétt frá því að hún byrjaði, en í ár kom hún enn sterkari til leiks og barðist um verðlaunasæti í 1000 cc flokknum í allt sumar.

Hún er mjög áhugasöm um mótorsport en auk þess að aka í Rallycrossi hefur hún einnig verið að keppa í Rally sem aðstoðarökumaður hjá Sigurði Arnari Pálssyni.

Hennar helsta fyrirmynd í sportinu er stjúpfadir hennar, Henning Ólafsson.

Bergþóra stundar nám í Borgarholtsskóla og stefnir á að verða bílamálari og bílasmiður. Hún leggur mikinn metnað í allar keppnir og á sannarlega framtíðina fyrir sér.



Gunnar Karl Jóhannesson

Aldur: 26 ára

Félag: Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar

Gunnar Karl er Íslandsmeistari í Rally árið 2022.

Aðeins 26 ára að aldri hefur hann orðið Íslandsmeistari þrjú ár í röð, þ.e. 2020, 2021 og 2022.

Leiðin að titlinum þetta árið var enginn dans á rósum, þar sem vélarbilun í fyrstu keppni ársins olli því að hann komst ekki í endamark og fékk því engin stig.

Gunnar Karl ók á mun aflminni varabíl næstu keppnir, sem kom þó ekki að sök þar sem hann náði strax góðum tókum á honum. Hann hreppti 2. sæti og 3. sæti og í lokakeppni tímabilsins sýndi hann mikla keppnishörku og hæfni. Hann náði þar 2. sæti og varð þar með stiga-hæstur eftir allar keppnirnar. Það skilaði honum Íslandsmeistaratitlinum.

Auk þess að hafa keppt hérlendis undanfarin ár, hefur Gunnar Karl einnig tekið þátt í rallykeppnum í Bretlandi með góðum árangri. Þannig náði hann 4. sæti í sínum flokki í THE RALLYNUTS STAGES RALLY í Englandi í apríl í ár, einu stærsta og erfiðasta rally á mól þar í landi. Gunnar Karl er metnaðarfullur íþróttamaður sem leggur sig fram við að hafa allt yfirbragð keppnisliðsins til fyrirmyndar. Þá hefur hann verið duglegur að aðstoða aðra keppendur og unga öikumenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni.



Badmintonkona og Badmintonmaður ársins eru **Júlíana Karitas Jóhannsdóttir og Daníel Jóhannesson**



Júlíana Karitas Jóhannsdóttir

Aldur: 19 ára

Félag: Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur (TBR)

Júlíana Karitas Jóhannsdóttir er Badmintonkona ársins 2022.

Þetta er í fyrsta skipti sem Júlíana Karitas hlýtur þennan heiðurstítil.

Júlíana Karitas vann fjögur af fimm mótum sem hún tók þátt í á Íslandi árið 2022 í einliðaleik kvenna og varð Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna, í annað sinn á ferlinum.

Haustið 2022 flutti Júlíana Karitas til Sviss þar sem hún æfir í badmintonakademíu í Zurich og keppir fyrir BC Zurich.

Júlíana Karitas var hluti af landsliðshópi sem tók þátt í undankeppni Evrópumóts blandaðra liða árið 2022.



Daníel Jóhannesson

Aldur: 26 ára

Félag: Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur (TBR)

Daníel Jóhannesson er Badmintonmaður ársins 2022.

Þetta er í annað skiptið sem Daníel hlýtur þennan heiðurstítil.

Daníel hefur spilað vel á árinu en hann varð Íslandsmeistari í einliðaleik karla ásamt því að fá silfurverðlaun í tvíliðaleik. Þetta var þriðji Íslandsmeistaratitill hans en hann sigraði í tvíliðaleik árið 2018 og einliðaleik árið 2021.

Daníel vann sér inn þátttökurétt á Evrópumóti einstaklinga í badminton 2022 í tvenndarleik og var einnig hluti af landsliðshópi sem tók þátt í undankeppni Evrópumóts blandaðra liða árið 2022.

Daníel er efstur á styrkleikalista Badmintonsambands Íslands í einliðaleik karla.





Blakkona og Blakmaður ársins eru Valdís Kapítola Þorvarðardóttir og Ævarr Freyr Birgisson



Valdís Kapítola Þorvarðardóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Knattspyrnufélag Akureyrar (KA)

Valdís er uppalinn Norðfirðingur en hefur spilað með KA síðan 2019.

Á síðasta leiktímabili vann liðið alla þrjá titlana sem í boði voru. Að loknum bikarúrslitaleik var Valdís valin maður leiksins og einnig var hún kosin besti frelsingi úrvalsdeildar BLÍ að deildarkeppni lokinni.

Valdís tók þátt í undankeppni Evrópumótsins með A-landsliðinu nú í haust en liðið spilaði sex leiki. Þar spilar hún stórt hlutverk í móttöku og varnarlínu liðsins.

Valdís er mikill fyrirmyndar leikmaður innan sem utan vallar.



Ævarr Freyr Birgisson

Aldur: 26 ára

Félag: Marienlyst-Fortuna

Ævarr Freyr er uppalinn KA maður en leikur nú sitt fimmta tímabil með Marienlyst í Danmörku. Hann hélt utan í nám haustið 2018 og hefur spilað með Marienlyst síðan.

Marienlyst er í þriðja sæti sem stendur í dönsku úrvalsdeildinni og stefnir á titla á þessu leiktímabili. Ævarr spilar þar lykilhlutverk.

Ævarr spilaði einnig stórt hlutverk með A-landsliðinu sem tók þátt í undankeppni Evrópumótsins nú í sumar.

Ævarr er ekki bara góður blakari heldur er hann góður liðsfélagi og góð fyrirmynd yngri leikmanna.





Bogfimikona og Bogfimimaður ársins eru Anna María Alfreðsdóttir og Alfreð Birgisson



Anna María Alfreðsdóttir

Aldur: 19 ára

Félag: Íþróttafélagið Akur, Akureyri

Anna María Alfreðsdóttir er Bogfimikona ársins 2022. Þetta er í fyrsta sinn sem Anna er valin og í fyrsta sinn sem Akureyringur hreppir titilinn.

Anna átti mjög árangursríkt ár í sinni keppnisgrein, trissuboga kvenna. Hún var ekki langt frá því að vinna til verðlauna á Evrópumeistaramóti á árinu, en hún keppti fimm sinnum til úrslita.

Anna vann til nokkurra verðlauna í B/C landsliðsverkefnum. Hún vann þrjá Íslandsmeistararitla á árinu og sló 18 Íslandsmet.

Anna var í 8. sæti á Indoor World Series Open heimssambandsins eftir 2021-2022 tímabilið, var annar hæsti Norðurlandabúi á heimsslista trissuboga kvenna og komst í topp 30 á Evrópulista og topp 60 á heimsslista á árinu. Aðeins eru gefin stig á heimsslista fyrir alþjóðleg stórmót í Opnum flokki (fullorðinna) og engin stig fyrir U21 mót. Flest mót Önnu á árinu gáfu því engin stig á heimsslista.

Anna vann fyrstu verðlaun Íslands í einstaklingskeppni á heimsslistamóti á árinu. Kvinnaliðið í trissuboga, sem hún er hluti af er nú í 11. sæti á Evrópulista og 23. sæti á heimsslista.

HM/EM árangur á árinu: fjórum sinnum í úrslitum U21 og einu sinni í Opnum flokki (fullorðnir).



Alfreð Birgisson

Aldur: 46 ára

Félag: Íþróttafélagið Akur, Akureyri

Alfreð Birgisson er Bogfimimaður ársins 2022.

Þetta er í fyrsta sinn sem Alfreð er valinn og í fyrsta sinn sem Akureyringur hreppir titilinn.

Alfreð keppti til úrslita á Evrópumeistaramótinu innanhúss í febrúar í Slóveníu ásamt trissuboga karla liðinu. Þar voru þeir slegnir út af Frakklandi í 8 liða úrslitum og enduðu í 8. sæti.

Á EM utanhúss í Munch komust strákarnir í 24 liða lokakeppni en voru slegnir þar út af Hollandi og enduðu í 17. sæti.

Alfreð keppti einnig á Heimsleikum lögreglu- og slökkviliðsmanna þar sem hann vann silfur.

Alfreð vann Íslandsmeistararitilinn innanhúss og utanhúss í trissuboga á árinu í fyrsta sinn og gekk vel á öðrum innlendum mótum á árinu.

Alfreð sló þrjú Íslandsmet á árinu, einstaklings Íslandsmetið utandyra með skorið 683, ásamt því að slá eitt Íslandsmet í liðakeppni landsliða og eitt félagsliðamet.

Alfreð er sem stendur í 169. sæti á Evrópulista og 400. sæti á heimsslista.

Þess má geta að Alfreð og Anna María eru feðgin.



Borðtenniskona og Borðtennismaður ársins eru **Nevena Tasic og Magnús Jóhann Hjartarson**



Nevena Tasic

Aldur: 31 ára

Félag: Knattspyrnufélagið Víkingur

Nevena er Íslandsmeistari kvenna og einnig Íslandsmeistari í liðakeppni kvenna.

Auk þess sinnir hún þjálfun yngri flokka hjá Víkingi.

Nevena hefur verið mikill styrkur fyrir íslenska landsliðið þar sem hún dregur vagninn, bæði á æfingum og í keppni og hefur hún lyft upp getu annarra leikmanna í landsliðinu.

Nevena er frábær fyrirmynd og enn betri liðsfélagi.



Magnús Jóhann Hjartarson

Aldur: 24 ára

Félag: Knattspyrnufélagið Víkingur

Magnús Jóhann varð Íslandsmeistari karla árið 2022 þar sem hann á leið sinni í úrslitin vann m.a. Íslandsmeistara síðustu tveggja ára.

Magnús Jóhann er margfaldur Íslandsmeistari í liðakeppni.

Í vetur hefur Magnús Jóhann dvalið í Suður Kóreu við nám, æfingar og keppni í borðtennis.

Hann er frábær íþróttamaður, ósérhlífinn, þrautseigur, agaður og frábær liðsfélagi.





Dansarar ársins eru
Ekaterina Bond og Alex Freyr Gunnarsson



Ekaterina Bond Alex Freyr Gunnarsson
Aldur: 26 ára Aldur: 29 ára
Félag: Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar Félag: Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

Ekaterina og Alex Freyr eru búsett á Íslandi en ferðast á danskeppnir um Evrópu og víðar um heiminn. Þau keppa fyrir Íslands hönd og eru meðlimir í Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

Þau eru meðal fremstu dansíþróttapara í heiminum í dag og hafa náð á pall í öllum þeim mótum sem þau hafa tekið þátt í.

Hér er helsti árangur þeirra á árinu:

The Star Ball 1. sæti
The United Kingdom Open Championships 3. sæti (alþjóðlegt stórmót)
Íslandsmeistaramót í Ballroom 1. sæti
Bikarmót í Ballroom 1. sæti
Dance As Fire Championship 1. sæti
WDC AL Bad Homburg Championship 1. sæti
WDC AL Evrópumeistaramót 3. sæti
The Open 2. sæti
The British Open Blackpool Dance Festival 2. sæti (alþjóðlegt stórmót)
The International Championship 3. sæti (alþjóðlegt stórmót)
The London Ball 2. sæti
The Open heimsmeistaramót 2. sæti
Dutch Open Championship 3. sæti
WDC AL Heimsmeistaramót 3. sæti
WDO heimsmeistaramót 2. sæti



Fimleikakona og Fimleikamaður ársins eru
Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson



Thelma Aðalsteinsdóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Íþróttafélagið Gerpla

Thelma varð Íslandsmeistari í fjölþraut í fyrsta sinn á sýnum ferli á árinu, þar sem hún sýndi glæsileika og mikla yfirburði en hún varð einnig bikarmeistari með liði sínu Gerplu. Thelma leiddi liðið sitt áfram til yfirburðarsigurs. Thelma var valin í landslið Íslands til að keppa á Norðurlandamóti sem haldið var í Kópavogi í sumar. Hún gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari á slá og íslenska liðið lenti í 3. sæti í liða-keppninni sem er frábær árangur. Thelma var stigahæst Íslendinganna í fjölþraut þar sem hún lenti í 6. sæti með samtals 48,065 stig, hennar besti árangur til þessa. Thelma var valin í landslið fyrir Evrópumótið sem fór fram í Munich, Þýskalandi í lok ágúst. Mótið var úrtökumót fyrir Heimsmeistaramótið sem fór fram í Liverpool, Englandi í lok október. Í ár var það í fyrsta skiptið sem þátttökuréttur á mótið fór fram í gegnum Evrópumótið. Thelma átti frábært Evrópumót sem tryggði henni þátttökurétt á Heimsmeistaramótið en hún varð áttunda í röðinni til þess að tryggja sér þátttökurétt einstaklinga. Thelma kláraði svo keppnistímabilið með frábærum árangri á Heimsmeistaramótinu. Thelma æfir að meðaltali 25 klst. á viku en hún stundar einnig nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Thelma er mikil fyrirmynd fyrir ungar fimleikastúlkur innan sem utan vallar.



Valgarð Reinhardsson

Aldur: 26 ára

Félag: Íþróttafélagið Gerpla

Valgarð er okkar fremsti fjölþrautarkeppandi og er hann nú sexfaldur Íslandsmeistari. Hann varð Íslandsmeistari í fjölþraut á árinu og gerði sér lítið fyrir og vann til verðlauna á öllum áhöldum. Valgarð er því ríkjandi Íslandsmeistari á gólfi, stökki og svifrá, vann til silfurverðlauna á hringjum og á tvíslá og brons á boga.

Lið Valgarðs, Gerpla, varð einnig bikarmeistari á árinu. Á Norðurlandamótinu sem fram fór á Íslandi í sumar, náði Valgarð bestum árangri íslensku karlanna og varð í 10. sæti og þar vann hann silfur á stökki og gólfi en að auki lenti hann í 5. sæti á hringjum. Valgarð vann sér þar með inn þátttökurétt á Heimsmeistaramótinu með frábærri frammistöðu á Evrópumótinu.

Valgarð átti stóran þátt í þeim sögulega sigri að vinna til bronsverðlauna með íslenska karlalandsliðinu á Norður-Evrópumóti sem fór fram í Finnlandi í lok nóvember. Valgarð endaði í 6. sæti í fjölþraut og náði hann aftur í tvenn silfurverðlaun, nú á stökki og svifrá. Valgarð keppti einnig til úrslita á tvíslá og gólfi, þar hafnaði hann í 8. sæti og 6. sæti.

Valgarð er fyrirmynd fyrir unga fimleikadrengrum í landinu, hann sýnir dugnað og hefur mikinn metnað fyrir því sem hann tekur sér fyrir hendur.



Frjálsíþróttakona og Frjálsíþróttamaður ársins eru **Erna Sóley Gunnarsdóttir og Hilmar Örn Jónsson**



Erna Sóley Gunnarsdóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur

Kúluvarparinn Erna Sóley Gunnarsdóttir er Frjálsíþróttakona ársins.

Erna Sóley er á fjórða ári í Rice University í Texas fylki í Bandaríkjunum.

Hún varð svæðismeistari bæði innan- og utanhúss í Bandaríkjunum.

Erna Sóley tók þátt á sínu fyrsta stórmóti er hún keppti á Evrópumeistaramótinu í Munchen í ágúst.

Erna Sóley er í fjórða sæti á Evrópulista U23 og 35. sæti á Evrópulista kvenna í kúluvarpi.

Hilmar Örn Jónsson

Aldur: 26 ára

Félag: Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH)

Sleggjukastarinn og Íslandsmethafinn Hilmar Örn Jónsson er Frjálsíþróttamaður ársins.

Hilmar átti stórt og viðburðarríkt ár. Á árinu vann Hilmar sigur á sterku alþjóðlegu móti í Halle, Þýskalandi. Hann keppti á Heimsmeistaramótinu sem fór fram í Eugene, Oregon og náði þar 24. sæti. Hann kastaði sig inn í úrslit á Evrópumeistaramótinu í Munchen með annað lengsta kastið sitt á ferlinum.

Hilmar er í 20. sæti á Evrópulistanum og 28. sæti á Heimslistanum í sleggjukasti.





Glímukona og Glímumaður ársins eru
Kristín Embla Guðjónsdóttir og Einar Eypórsson



Kristín Embla Guðjónsdóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Umf. Valur/UÍA

Kristín Embla sigraði Íslandsglímuna og varð Glímu-drottning Íslands árið 2022, en það er í annað sinn sem hún sigrar Íslandsglímuna.

Kristín Embla varð í efstu tveimur sætunum á flestum mótum ársins, en keppnin var einstaklega hörð í kvennaflokknum.

Kristín Embla hefur verið ein fremsta glímukona Íslands undanfarin ár.



Einar Eypórsson

Aldur: 28 ára

Félag: Umf. Mývetningur/HSP

Einar stóð sig vel á öllum mótum ársins, varð í 2. sæti á Íslandsglímuni og sigraði öll önnur mót GLÍ.

Einar fékk Fegurðarglímuverðlaun á Íslandsglímuni, en hann býr yfir framúrskarandi glímutækni.

Einar hefur verið einn fremsti glímumaður Íslands undanfarin ár.



Kylfingar ársins eru
Perla Sól Sigurbrandsdóttir og Guðmundur Ágúst Kristjánsson



Perla Sól Sigurbrandsdóttir

Aldur: 16 ára

Félag: Golfklúbbur Reykjavíkur

Perla Sól varð Evrópumeistari 16 ára og yngri í Finnlandi í júlí, fyrst íslenskra stúlkna.

Hún varð Íslandsmeistari í höggleið í ágúst eftir æsi-spennandi keppni við Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur. Hún komst einnig áfram í 64 kvenna úrslit á Opna breska meistaramótinu sem er eitt sterkasta áhugamannamót heims og datt þar naumlega út á mótí næst besta kylfingi heims.

Perla Sól var valin til að keppa fyrir hönd Evrópu í tveimur virtum liðakeppnum og er þessa stundina í 239. sæti á heimslista áhugakylfinga, efst íslenskra kvenna.



Guðmundur Ágúst Kristjánsson

Aldur: 30 ára

Félag: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Á árinu lék Guðmundur Ágúst í 18 mótum á næst sterkustu mótaröð Evrópu og náði þar best 3. sæti í Finnlandi í byrjun ágúst.

Guðmundur var nálægt því að vinna sér inn sæti á Opna breska meistaramótinu í júní en stórglæsilegur hápunktur ársins var í nóvember þegar hann tryggði sig inn á lokaúrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina og endaði þar í 19. sæti.

Guðmundur Ágúst tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni, annar íslenskra karla. Hann hefur nú þegar tekið þátt í fjórum mótum á þessari sterkustu mótaröð Evrópu.



Handknattleikskona og Handknattleiksmaður ársins eru Sandra Erlingsdóttir og Ómar Ingi Magnússon



Sandra Erlingsdóttir

Aldur: 24 ára

Félag: TuS Metzingen, Þýskalandi

Handknattleikskona ársins 2022 er Sandra Erlingsdóttir, 24 ára leikstjórnandi TuS Metzingen í Þýskalandi og íslenska landsliðsins.

Sandra lék með EH Aalborg í Danmörku í vor þar sem hún var valin besti leikmaður liðsins annað árið í röð en liðið var í harðri baráttu um að komast í dönsku úrvalsdeildina. Á vormánuðum samdi Sandra við þýska liðið TuS Metzingen og hefur leikið stór hlutverk með liðinu í þýsku úrvalsdeildinni. Auk þess hefur Sandra verið í lykilhlutverki með A-landsliði kvenna á árinu.

Sandra er frá Vestmannaeyjum en lék bæði með ÍBV og HK í yngri flokkum auk þess sem að vera um tíma með Fuchs Berlin í Þýskalandi þegar fjölskylda hennar bjó ytra. Þegar hún flutti aftur heim hóf hún 18 ára að leika með meistaraflokki ÍBV og lék þar í tvö ár þar til hún skipti yfir í Val sumarið 2018. Hún varð Íslandsmeistari með Val vorið 2020 og fór í framhaldi í atvinnumennsku.

Sandra hefur leikið 16 leiki með kvennalandsliðinu og skorað í þeim 65 mörk.



Ómar Ingi Magnússon

Aldur: 25 ára

Félag: SC Magdeburg, Þýskalandi

Handknattleiksmaður ársins er Ómar Ingi Magnússon, 25 ára hægri skytta Madgeburg í Þýskalandi og A-landsliðs karla.

Ómar Ingi var Þýskalandsmeistari í handknattleik í vor auk þess sem lið hans vann IHF Super Globe annað árið í röð og lenti í 2. sæti í Evrópudeildinni í handknattleik. Ómar Ingi var næst markahæstur allra leikmanna í deildinni en í lok tímabilsins var hann valinn besti leikmaður þýsku deildarinnar.

Ómar lék með yngri flokkum Umf. Selfoss og spilaði með meistaraflokki bæði á Selfossi og með Val áður hann hélt í atvinnumennsku til Danmerkur. Þar lék hann með bæði Árhús handbold og Álborg handbold áður en hann flutti sig um set og hóf að leika með Magdeburg sumarið 2020.

Ómar hefur leikið 66 landsleiki og skorað í þeim 216 mörk.

Undanfarin ár hefur Ómar stimplað sig inn sem leikmaður á heimsmeikvarða, bæði með sínu félagsliði og landsliði.





Knapi ársins er **Árni Björn Pálsson**



Árni Björn Pálsson

Aldur: 40 ára

Félag: Hestamannafélagið Fákur

Árni Björn Pálsson náði frábærum árangri á árinu 2022, en hann hefur á árinu verið í fremstu röð í öllum greinum hestaíþróttanna.

Hæst ber að nefna einstakan árangur á Landsmóti hestamanna 2022 þar sem hann sigraði í Töltkeppni Landsmótsins í fjórða sinn á ferlinum fyrstur knapa, nú á Ljúf frá Torfunesi.

Árni sigraði einnig B-flokk gæðinga á Ljósvaka frá Valstrýtu og náði þar með hæstu einkunn ársins í þeirri grein annað árið í röð á sama hesti 8,93.

Árni Björn varð Íslandsmeistari í Tölti T1 á Ljúf frá Torfunesi annað árið í röð og er efstur á stöðulista ársins í sömu grein. Hann er efstur á stöðulista ársins í fimmgangi með Kötlu frá Hemlu og bar sigur úr bytum í Meistaradeild Líflands 2022 í sjötta sinn.

Árni Björn Pálsson er einstakur afreksknapi og íþróttamaður í fremstu röð, sönn fyrirmynd fyrir elju sína, metnað og fagmennsku í hvívetna.



HJÓLREIÐASAMBAND
ÍSLANDS

Hjólreiðakona og Hjólreiðamaður ársins eru Hafdís Sigurðardóttir og Ingvar Ómarsson



Hafdís Sigurðardóttir

Aldur: 33 ára

Félag: Hjólreiðafélag Akureyrar (HFA)

Hafdís Sigurðardóttir hefur átt frábært keppnistímabil í ár og er tvöfaldur Íslandsmeistari og bikarmeistari, í götu-hjólreiðum og í tímatöku.

Hafdís varð stíghæst í bikarmótaröð í A-flokki kvenna, með tvo sigra og tvö silfur auk sigurs á Íslandsmóttinu í götuhjólreiðum.

Hafdís sigraði allar keppnir í tímatöku á tímabilinu, sem landaði henni sigri í Bikarmótaröðinni og Íslandsmeistaratitli.

Hafdís var valin til að fara fyrir hönd Íslands á EM í Þýskalandi bæði í götuhjólreiðum og tímatöku. Hafdís var með frábæran tíma í tímatökunni og hjólaði tæpa 90km í götuhjólunum í hrikalega erfiðri og hraðri keppni.

Mikilvægur undirbúningur fyrir EM var að keppa í Svíþjóð á Postnord U6 í júlí. Hafdís stóð sig frábærlega á því móti og endaði í fjórða sæti.

Hafdís keppti einnig á Íslandsmóttinu í criterium og lenti þar í öðru sæti. Þá keppti hún á Íslandsmóttinu í cyclo-cross og lenti í þriðja sæti.

Hafdís er ein fremsta hjólreiðakona Íslands. Hún hefur verið á hraðri uppleið síðustu ár og stefnir enn hærra. Hún leggur sig alltaf alla fram og hefur mikinn metnað. Hún er frábær íþróttakona og fyrirmynd og hefur spilað stórt hlutverk í því að fjölga keppendum á vegum HFA síðustu ár, og þá sérstaklega í kvennaflokknum.

Ingvar Ómarsson

Aldur: 33 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Ingvar átti frábært ár og er sexfaldur Íslandsmeistari þetta árið, þ.e. í götuhjólreiðum, fjallahjólreiðum, cyclo-cross, maraþonhjólreiðum, tímatöku og criterium.

Ingvar varð bikarmeistari bæði í cyclocross og tímatöku, í öðru sæti á bikarmóttinu í götuhjólreiðum og í þriðja sæti í bikarmótaröðinni í fjallahjólreiðum.

Jafnframt hefur Ingvar náð frábærum árangri á erlendri grundu, sér í lagi í maraþonfjallahjólreiðum og er núna í 129. sætið á heimslistanum.

Ingvar fór í fjölmargar keppnisferðir erlendis þar sem hann keppti meðal annars á Heimsmeistara- og Evrópumóttinu í maraþonfjallahjólreiðum og Evrópumóttinu í tímatöku og götuhjólreiðum í München þar sem hann, fyrstur Íslendinga, náði að klára elite keppni í meistaramóti í götuhjólreiðum (HM og EM) og endaði í 111. sæti.

Ingvar leggur metnað sinn í að gera ávallt sitt besta en setur þrátt fyrir það stefnuna alltaf ofar. Þess má geta að Ingvar og HRÍ gerðu samstarfssamning í vor með það að markmiði að styðja og efla íþróttalegt umhverfi Ingvars.





Hnefaleikakona og Hnefaleikamaður ársins eru Erika Nótt Einarsdóttir og Hafþór Magnússon



Erika Nótt Einarsdóttir

Aldur: 16 ára

Félag: Hnefaleikafélag Reykjavíkur

Erika Nótt er Hnefaleikakona ársins 2022.

Erika Nótt sem er einungis 16 ára, á sæti í landsliði Íslands í hnefaleikum. Hún byrjaði fyrir rúmum fjórum árum að æfa hnefaleika og sýndi strax frá byrjun gríðarlegan áhuga. Hún keppti sinn fyrsta diploma bardaga fyrir rúmum þremur árum og fékk bakteríuna alveg frá fyrsta degi en í dag vantar hana einungis eina viðureign upp í gullmerki í diploma hnefaleikum.

Erika Nótt keppti sinn fyrsta ólympíska bardaga 2021 og hefur verið skráð á öll mót síðan.

Hún hefur tvisvar unnið á Icebox og er einnig bæði Bikar- og Íslandsmeistari árið 2022.

Í dag stundar Erika Nótt nám við afreksbraut Menntaskólans í Kópavogi til að geta stundað hnefaleikana á fullu meðfram námi í framhaldsskóla.

Erika Nótt stefnir hátt í sinni íþrótt.



Hafþór Magnússon

Aldur: 18 ára

Félag: Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

Hafþór Magnússon er Hnefaleikamaður ársins 2022.

Hafþór sem á í dag sæti í landsliði Íslands í hnefaleikum hóf að æfa hnefaleika í janúar 2019, þá 14 ára að aldri. Strax í apríl 2019 keppti hann í diplomahnefaleikum og vann sér þar inn viðurkenningu í sinni fyrstu tilraun og öðlaðist bronsmerki HNÍ síðar sama ár.

Hafþór sýndi snemma mikla hæfileika og metnað til æfinga.

Árið 2021 hóf hann feril sinn í ólympískum hnefaleikum og keppti sinn fyrsta bardaga á GA Cup. Hann sigraði svo Hillerod Box Cup í október sama ár.

Í ár, núna 18 ára gamall, vann hann sér inn gullmerki HNÍ í diplomaboxi, sigraði bikarmótarröð HNÍ, vann gull á Hillerod Box Cup annað árið í röð, átti besta junior bardagann á síðastliðnu ICEBOX móti og sigraði Svíþjóðarmeistara á Norðurlandameistaramótinu þar sem hann vann sér inn silfurverðlaun.

Gríðarlega efnilegur íþróttamaður hér á ferð.



Íshökkíkona og Íshökkímaður ársins eru **Sigrún Agatha Árnadóttir og Jóhann Már Leifsson**



Sigrún Agatha Árnadóttir

Félag: Umf. Fjölirnir

Sigrún Agatha Árnadóttir hefur verið valin Íshökkíkona ársins 2022 af stjórn Íshökkísambands Íslands.

Sigrún Agatha hefur átt glæsilegan feril að baki með Fjölni. Hún er lykillkona í árangri liðsins undanfarin misseri. Hún var til að mynda marka- og stígahæst í Hertz-deild kvenna á síðasta tímabili (21 mark, 29 stig).

Sigrún Agatha byrjaði ung að árum að spila með Birninum, síðar Fjölni, en hún spilaði einnig með Skautafélagi Reykjavíkur árin 2017 - 2020. Hún er einn helsti máttarstólpi kvennaliðs Fjölnis og er frábær fyrirmynd allra iðkenda.

Sigrún Agatha hefur átt fast sæti í landsliði kvenna undanfarin ár og átti stórleik á heimsmeistaramótinu í maí síðastliðnum þegar lið Íslands vann gullið í Króatíu. Sigrún Agatha skoraði þar þrjú mörk og setti mark sitt á keppnina hvort sem var á ís eða utan hans.

Sigrún Agatha er fylgin sér, hvetjandi leikmaður sem gefst aldrei upp og er frábær fyrirmynd allra hvort sem er fyrir landslið Íslands eða heimalið sitt. Sigrún Agatha vinnur og hugsar fyrir heildina enda mjög umhugað um framgang íshokki á Íslandi og er ávallt reiðubúin til að aðstoða.



Jóhann Már Leifsson

Félag: Skautafélag Akureyrar (SA)

Jóhann Már Leifsson hefur verið valinn Íshökkímaður ársins 2022 af stjórn Íshökkísambands Íslands.

Jóhann Már hefur leikið með Skautafélagi Akureyrar (SA) allan sinn feril fyrir utan eitt tímabil í Bandaríkjunum (Niagra Fury, 2011-2012) og eitt tímabil í Svíþjóð (Motala, 2015-2016). Hann hefur verið lykilmaður í liði SA frá 14 ára aldri.

Jóhann Már hefur unnið fjölda Íslands-, Bikar- og Deildarmeistaratitla. Hann hefur sýnt yfirburði á síðasta og núverandi tímabili í Hertz-deild karla (14 mörk, 29 stig, 21-22) og var valinn besti sóknarmaðurinn á heimsmeistaramóti IIHF í apríl síðastliðnum.

Jóhann Már hefur leikið með landsliðum Íslands frá unglingsaldri og hefur átt fast sæti undanfarin ár í A-landsliði karla. Jóhann Már er lykilmaður í landsliðinu, hefur átt mikinn þátt í árangri liðsins undanfarin misseri og er til fyrirmyndar í alla staði.





Íþróttakona og Íþróttamaður fatlaðra ársins eru **Thelma Björg Björnsdóttir og Hilmar Snær Örvarsson**



Thelma Björg Björnsdóttir

Aldur: 26 ára

Félag: Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR)

Í fimmta sinn á ferlinum hlýtur sundkonan Thelma Björg Björnsdóttir nafnbótina Íþróttakona ársins, úr röðum fatlaðra.

Þar með er Thelma Björg orðin sú íþróttakona sem næst oftast hefur hlotið nafnbótina, á eftir sundkonunni Kristínu Rós Hákonardóttur sem varð Íþróttakona fatlaðra alls tólf sinnum!

Thelma náði mögnuðum árangri í sumar þegar hún vann til silfurverðlauna á Heimsmeistaramóti IPC í Portúgal. Thelma varð þá önnur í 100m bringusundi SB5 á tímanum 1:58.23 mín.



Hilmar Snær Örvarsson

Aldur: 22 ára

Félag: Knattspyrnufélagið Víkingur

Í annað sinn hlýtur skíðamaðurinn Hilmar Snær Örvarsson nafnbótina Íþróttamaður ársins, úr röðum fatlaðra.

Hilmar Snær var fyrst kjörinn árið 2020 en hlýtur nú titilinn fyrir sögulegan árangur fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramótinu í vetrariþróttum og á Vetrar-Paralympics. Á báðum mótum hafnaði Hilmar í 5. sæti í svigkeppni sem er besti árangur Íslands á báðum mótum.

Á HM keppti Hilmar Snær líka í stórsvigi þar sem hann hafnaði í 21. sæti en á Vetrar-Paralympics féll hann úr leik í stórsvigskeppninni.



Júdómaður ársins er **Karl Stefánsson**



Karl Stefánsson

Aldur: 27 ára

Félag: Glímufélagið Ármann

Karl Stefánsson úr júdódeild Ármanns, sem keppir í +100 kg flokki karla, var valinn Júdómaður ársins 2022 og er það í fyrsta skiptið sem hann hlýtur þann heiður.

Helsti árangur Karls á árinu eru 1. sæti á Norðurlandameistaramóti, 1. sæti á Evrópumeistaramóti Smáþjóða og 1. sæti á Íslandsmóti í -100 kg flokki.

Karatekona og Karatemaður ársins eru Eydís Magnea Friðriksdóttir og Þórður Jökull Henrysson



Eydís Magnea Friðriksdóttir

Félag: Umf. Fjölnir

Eydís Magnea er ung og efnileg karatekona sem keppir í báðum greinum karate, kata og kumite.

Eydís Magnea á að baki gott keppnisár þar sem hún vann til verðlauna bæði innanlands sem utan..

Hún vann gull á RIG22 og varð Bikarmeistari kvenna og Íslandsmeistari ungmenna í kata og kumite.

Hún vann tvö brons á Evrópumóti smáþjóða í karate í Liechtenstein í september og tvö brons á Norðurlandamótinu sem haldið var í Riga, Lettlandi í nóvember síðastliðnum.

Eydís Magnea er í landsliði Íslands í kata og er góð fyrirmynd og verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.



Þórður Jökull Henrysson

Félag: Umf. Afturelding

Þórður Jökull er efnilegur keppnismaður sem hefur einbeitt sér að keppni í kata undanfarin ár.

Hann hefur verið með bestu keppendum Íslands í kata og unnið til verðlauna innanlands sem utan á árinu.

Þórður Jökull vann tvö gull á Evrópumóti smáþjóða í Liechtenstein í september, í fullorðinsflokki og 18-20 ára flokki.

Hann er Íslandsmeistari í kata karla frá því í mars og Bikarmeistari í kata karla frá því í nóvember.

Hann vann einnig gull á RIG22 í kata.

Hann tók þátt á Evrópu- og Heimsmeistaramóti á árinu fyrir Íslands hönd en vann ekki til verðlauna.

Þórður Jökull er fastamaður í landsliði Íslands í kata, er góð fyrirmynd og verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.



Kvenkeilari og Karlkeilari ársins eru **Linda Hrönn Magnúsdóttir og Hafþór Harðarson**



Linda Hrönn Magnúsdóttir

Aldur: 63 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR)

Linda Hrönn er kvenkeilari ársins og er það í fyrsta sinn sem hún hlýtur þann titil.

Linda varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga, Stigameistari kvenna, sigraði Íslandsmót para ásamt Gunnari Þór Ásgeirssyni, ásamt því að ná 2. sæti í deildinni með liði sínu ÍR-TT.

Þessu til viðbótar náði Linda Hrönn á verðlaunapall á Evrópumóti öldunga þegar hún náði 3. sæti eftir harða og spennandi keppni.

Linda Hrönn er vel að titlinum komin.



Hafþór Harðarson

Aldur: 36 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR)

Hafþór er Karlkeilari ársins og er það í áttunda sinn sem hann hlýtur þennan titil.

Hafþór hefur verið virkur í mótum á árinu og náð frábærum árangri bæði persónulega og með liði sínu ÍR-PLS.

Hafþór varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga, Reykjavíkarmeistari og lenti í 2. sæti á Reykjavík International Games.

Í deildinni átti Hafþór hæsta leikinn í karlaflokki með 290 pinna, hann átti hæsta meðaltal 219,33 ásamt því að vera fellukóngur með að meðaltali 6,64 fellur í leik.

ÍR-PLS urðu bikar- og deildarmeistarar með hæsta meðaltal í deildinni ásamt því að hljóta Stjörnskjóldinn svo Hafþór er vel að titlinum komin.



Kvenklifrari og Karlklifrari ársins eru **Elísabet Birgisdóttir og Guðmundur Freyr Arnarsson**



Elísabet Birgisdóttir

Félag: Klifurfélag Reykjavíkur

Elísabet Birgisdóttir lenti í örlagavaldandi slysi árið 2010. Hún slapp furðuvel en eftir að hafa brotnað og hlotið taugaskaða á báðum handleggjum átti hún samkvæmt læknisráði ekki endurkvæmt í klifuríþróttina.

Tólf árum seinna sigrar Elísabet Bikarmeistaramót kvenna í línuklifri.

Elísabet er ekki aðeins sterkur klifrari sem hefur unnið til verðlauna héraðs heldur hefur hún sýnt ótrúlega þrautseigju og jákvæðni í bataferlinu sem og lífinu almennt.



Guðmundur Freyr Arnarsson

Félag: Klifurfélag Reykjavíkur

Guðmundur Freyr Arnarsson er margfaldur Íslandsmeistari í grjótgímu og línuklifri.

Á árinu 2022 keppti hann m.a. á Norðurlandameistaramóti fyrir Íslands hönd í bæði grjótgímu í Svíþjóð og línuklifri í Finnlandi.

Guðmundur eða Mundi eins og hann er kallaður, vann til Bikar- og Íslandsmeistaratitils karla í grjótgímu á árinu. Einnig vann hann Bikarmeistaramótið í karlaflokki í línuklifri.





Knattspyrnukona og Knattspyrnumaður ársins eru Glódís Perla Viggósdóttir og Hákon Arnar Haraldsson



Glódís Perla Viggósdóttir

Aldur: 27 ára

Félag: Bayern Munich, Þýskalandi

Glódís Perla Viggósdóttir er Knattspyrnukona ársins í fyrsta skipti.

Hún hefur verið fastur hlekkur í vörn Bayern München og íslenska landsliðsins á árinu, líkt og áður.

Á síðastliðnu keppnistímabili lenti Bayern München í öðru sæti í þýsku úrvalsdeildinni og komst í 8-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Liðið situr nú í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og er búið að tryggja sér sæti í 8-liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Glódís Perla lék 11 leiki með landsliðinu á árinu, þar af var hún í byrjunarliðinu í öllum þremur leikjum liðsins á EM í Englandi.



Hákon Arnar Haraldsson

Aldur: 19 ára

Félag: FC København, Danmörku

Hákon Arnar Haraldsson er Knattspyrnumaður ársins í fyrsta skipti.

Það má með sanni segja að Hákon Arnar Haraldsson hafi komið fram á sjónarsviðið með miklum krafti á árinu.

Á sínu fyrsta heila keppnistímabili í meistaraflokki vann hann dönsku úrvalsdeildina með FCK, komst alla leið í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu þar sem hann varð fjórði Íslendingurinn til að skora í keppninni og svo lék hann fyrstu A-landsleiki sína, sjö talsins.



Kraftlyftingakona og Kraftlyftingamaður ársins eru **Kristín Þórhallsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon**



Kristín Þórhallsdóttir

Aldur: 38 ára

Félag: Kraftlyftingafélag Akraness

Kristín Þórhallsdóttir er Kraftlyftingakona ársins í annað sinn og annað árið í röð, en hún keppir í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki.

Kristín er 38 ára gömul og keppir fyrir Kraftlyftingafélag Akraness.

Kristín vann silfurverðlaun á EM og HM og tvíbætti Evrópumetinn í hnébeygju og samanlögðu á árinu.

Hún bætti auk þess Íslandsmetinn í hnébeygju, réttstöðulyftu, réttstöðulyftu single lift og samanlögðu.

Kristín náði 110,27 IPF-GL stigum á árinu, en það er mesti stigafjöldi sem íslenskur keppandi hefur náð.

Helstu afrek ársins:

HM í Suður-Afríku í júní:

Silfurverðlaun samanlagt – 580 kg – nýtt Evrópumet

Silfurverðlaun í hnébeygju – 230 kg – nýtt Evrópumet

Silfurverðlaun í bekkpressu – 120 kg

Bronsverðlaun í réttstöðulyftu – 230 kg – nýtt Íslandsmet

EM í Póllandi í desember:

Silfurverðlaun samanlagt – 575 kg

Gullverðlaun í hnébeygju – 217,5 kg

Bronsverðlaun í bekkpressu – 120 kg

Silfurverðlaun í réttstöðulyftu – 237,5 kg.



Guðfinnur Snær Magnússon

Aldur: 25 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Guðfinnur Snær Magnússon er Kraftlyftingakarl ársins 2022 og hlýtur nafnbótina í fyrsta sinn. Hann er 25 ára gamall og keppir fyrir kraftlyftingadeild Breiðabliks.

Guðfinnur keppir í kraftlyftingum í +120kg flokki. Hann lenti í fjórða sæti í sínum flokki á HM og vann bronsverðlaun í bekkpressu sem er hans sterkasta grein.

Guðfinnur er Bikarmeistari ársins í bekkpressu og varð í þriðja sæti á Bikarmóttinu í klassískri bekkpressu.

Helstu afrek ársins:

HM í Danmörku í nóvember:

Fjórða sæti samanlagt – 995 kg

Bronsverðlaun í bekkpressu – 315 kg

Bikarmeistari KRAFT í bekkpressu

Þriðja sæti á Bikarmóti KRAFT í klassískri bekkpressu.



Körfuknattleikskona og Körfuknattleiksmaður ársins eru Sara Rún Hinriksdóttir og Elvar Már Friðriksson



Sara Rún Hinriksdóttir

Aldur: 26 ára

Félag: Faenza Basket Project, Ítalíu

Sara Rún er Körfuknattleikskona ársins 2022, þriðja árið í röð.

Sara Rún er uppalin með Keflavík og lék eitt tímabil með Haukum hér heima. Hún hefur einnig leikið í háskóla í Bandaríkjunum og undanfarin ár í Evrópu sem atvinnu- maður. Sara Rún átti gott tímabil í fyrra með liði sínu í Rúmeníu og var ein af bestu leikmönnum síns liðs. Hún færði sig til Faenza Basket Project á Ítalíu fyrir þetta tíma- bil, er með 8.3 stig að meðtali í leik eftir 10 leiki og hefur verið helsti varnarmaður liðsins.

Sara Rún hefur verið burðarás íslenska kvennalands- liðsins, leitt stigaskorun liðsins að undanfögnu og undir- strikaði getu sína rækilega í fræknum sigri á Rúmeníu nú í nóvember, þar sem hún skoraði 33 stig og setti um leið íslenskt landsliðsmet leikmanns í einum leik í sögu KKÍ karla og kvenna landsliða.

Landsliðið lék tvo landsleiki í nóvember í undankeppni EM kvenna 2023 og var Sara Rún öflug að venju. Hún hefur verið ofarlega í öllum helstu tölfræðipáttum í þessum leikjum og leiðir landsliðið í stigaskorun (10. sæti yfir alla keppnina), fráköstum, stoðsendingum og framlagi sem er frábært afrek. Sara Rún hefur hefur sífellt verið að taka framförum í sínum leik og verið að taka sér leiðtogahlutverk með landsliðinu og því ljóst að á næstu árum verður hún áfram ein af mikilvægustu leikmönnum landsliðsins í að leiða ungt lið áfram í næstu verkefnum.



Elvar Már Friðriksson

Aldur: 28 ára

Félag: Rytas Vilnius, Litháen

Elvar Már er Körfuknattleiksmaður ársins í annað sinn og annað árið í röð.

Elvar Már hélt til Belgíu síðasta keppnistímabil, þar sem hann gerði samning við Antwerp Giants. Hann átti mjög gott tímabil, var byrjunarliðs bakvörður og stýrði sóknarleik liðsins. Í lok þess tímabils fór hann stutt til Ítalíu. Fyrir þetta tímabil voru það svo litháisku meist- ararnir í Rytas Vilnius sem tryggðu sér starfskrafta hans. Hann hefur stýrt leik þeirra með glæsibrag og leiðir liðið sitt í stoðsendingum. Liðið leikur í Evrópukeppninni, FIBA EuroCup, samhliða deildinni heima fyrir þar sem liðið er í öðru sæti og líklegt til afreka í úrslitakeppninni næsta vor. Elvar Már hefur verið leiðtogi karlalandsliðsins, tekið þátt í öllum leikjum liðsins á undanfögnu árum og heilt yfir verið meðal bestu manna liðsins. Hann átti stóran þátt í því að koma liðinu inn í undankeppni HM á sl. tveim árum í gegnum riðla og forkeppni sem hefur reynst gríðarlega dýrmætt. Hann átti mjög góða leiki þegar Ísland náði í mikilvæg stig hér heima í leikjum sem var mikilvægt að vinna. Þar lék Elvar Már frábærlega og var óstöðvandi í sóknarleik Íslands. Frábær frammistaða hans í leikjunum tveimur gegn Ítalíu varð til þess að efstu deildar lið Der- thona keypti upp samning hans við Antwerp Giants í lok tímabilsins. Elvar Már er í 28. sæti yfir flest framlagsstig í undankeppni HM í evrópu og 9. sæti yfir bakverði sem segir talsvert um framlag hans til landsliðsins.



Lyftingakona og Lyftingamaður ársins eru Eygló Fanndal Sturludóttir og Brynjar Logi Halldórsson



Eygló Fanndal Sturludóttir

Aldur: 21 árs

Félag: Lyftingafélag Reykjavíkur

Eygló Fanndal Sturludóttir úr Lyftingafélagi Reykjavíkur er Lyftingakona ársins eftir hreint stórkostlegt ár.

Eygló náði hæstu Sinclair stigatölu allra kvenna á árinu 266.9 stig, rúmum tíu stigum hærri en Þuríður Erla Helgadóttir sem hampað hefur afrekinu Besta Lyftingakonan síðustu 7 árin.

Eygló varð Íslandsmeistari í mars í -71kg flokki kvenna og einnig stigahæsti kvenkeppandi Íslandsmótsins. Hún varð í 9. sæti á Evrópumeistaramótinu í lyftingum í -71kg flokki þegar hún lyfti 205kg samanlagt. Þriðja mótið hennar var Haustmót LSÍ þar sem hún snaraði glæsilegu Íslandsmeti í -71kg flokki 97kg. Hún kórónaði síðan glæsilegt lyftingaár með því að verða Evrópumeistari 23 ára og yngri þegar hún lyfti 97kg í snörun og 120kg í jafnhendingu sem voru ný Íslandsmet í jafnhendingu og samanlögðum árangri.

Eygló bætti sinn besta árangur um 15kg á árinu 2022.



Brynjar Logi Halldórsson

Aldur: 20 ára

Félag: Lyftingafélag Reykjavíkur

Brynjar Logi Halldórsson úr Lyftingafélagi Reykjavíkur er Lyftingamaður ársins.

Besti árangur Brynjars kom á Norðurlandamóti unglunga þar sem hann varð Norðurlandameistari 20 ára og yngri í -89kg flokki karla þegar hann snaraði 137kg og jafnhenti 158kg, samanlagt 295kg sem var nýtt Íslandsmet í -89kg flokki karla og gaf honum 345 Sinclair stig.

Brynjar varð í 19. sæti á HM 20 ára og yngri í -89kg flokk, í 9. sæti á EM 20 ára og yngri í -89kg flokk og stigahæstur karla á Haustmóti LSÍ.

Líkt og Eygló hefur Brynjar verið að bæta sig mikið á árinu eða um 24kg í samanlögðum árangri.

Brynjar hlýtur einnig nafnbótina Ungmenni ársins í flokki pilta (18-20 ára).



Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttafólk ársins eru Aníta Hauksdóttir og Eiður Orri Pálmarsson



Aníta Hauksdóttir

Aldur: 32 ára

Félag: Vélhjólaíþróttafélag Akraness

Aníta Hauksdóttir er margfaldur Íslandsmeistari í motocrossi og enduro. Ásamt að hafa keppt hér á landi, að þá tók Aníta þátt í erfiðustu keppnum í enduro sem haldnar eru í heiminum „Sea to Sky“ í Rúmeníu. Aníta hefur einnig keppt í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Spáni.

Aníta varð Íslandsmeistari í motocrossi í ár og varð einnig Íslandsmeistari í enduro.

Þetta er í fjórða sinn sem Aníta er valin Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttakona ársins af hálfu MSÍ.

Aníta hefur verið til fyrirmyndar innan sem utan brautar og verið tilbúin að leiðbeina öðrum og er því góð fyrirmynd fyrir yngri kynslóðir.



Eiður Orri Pálmarsson

Aldur: 18 ára

Félag: Vélhjólaíþróttaklúbburinn VÍK

Eiður Orri Pálmarsson hefur verið meðal okkar allra fremstu íþróttamanna í motocrossi til margra ára miðað við ungan aldur.

Eiður varð Íslandsmeistari í MX2 flokki og er það hans þriðji Íslandsmeistaratitill í motocrossi. Eiður hefur einnig keppt til Íslandsmeistarara í enduro og staðið sig mjög vel þar.

Eiður Orri er einn fárra ökumanna sem hefur keppt að staðaldri erlendis og hefur verið að keppa í Bretlandi síðustu þrjú ár.

Hann hefur jafnframt tekið þátt fyrir hönd Íslands í Motocross of Nations síðustu tvö ár þar sem þrír bestu ökumenn frá hverju landi spreyta sig ár hvert sem lið á móti hvorum öðrum.

Eiður Orri er einn af okkur fremstu ökumönnum og er einn af þessum ungu ökumönnum sem hafa komið upp í gegnum barna og afreksstarfs Vélhjólaíþróttaklúbbsins. Hann hefur verið til mikillar fyrirmyndar utan sem innan brautar og verið tilbúinn að hjálpa í öllu sem snertir sportið.



Siglingakona og Siglingamaður ársins eru **Hólmfríður Gunnarsdóttir og Þórarinn Stefánsson**



Hólmfríður Gunnarsdóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Hólmfríður Gunnarsdóttir er 17 ára og okkar fremsta kenusiglingakona.

Hún hefur stundað siglingar í Siglingafélagi Reykjavíkur - Brokey síðan hún man eftir sér. Byrjaði að keppa á Optímist þegar hún var níu ára og var alltaf að bæta sig. Þegar Hólmfríður varð sextán ára færðist hún upp um flokk og hóf að sigla ILCA 6, þar sem hún náði góðum árangri.

Hólmfríður keppti á Heimsmeistaramóti unglunga í Hollandi við erfiðar aðstæður í sumar og lenti í 50. sæti.

Þetta er besti árangur Íslands á alþjóðlegu siglingamóti í ár.

Hólmfríður var efst kvenna á Íslandmeistaramóti kæna, auk þess sem hún var í verðlaunasæti á öllum mótum sumarsins sem hún tók þátt í.



Þórarinn Stefánsson

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Þórarinn Stefánsson er einn af eigendum skútunnar Dögunar sem hefur verið í fararbroddi í siglingakeppum á Íslandi undanfarin ár.

Hann heldur um stjórnvölinn á skútunni og hefur stýrt henni í verðlaunasæti í öllum mótum sumarsins.

Með Þórnari í áhöfn Dögunar eru þeir Magnús Arason og Magnús Waage.

Dögun keppir fyrir Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey og hefur gert til fjölda ára.

Árangur Dögunar og skipstjóra hennar á árinu er ástæða þess að Þórarinn er útnefndur Siglingamaður ársins 2022.





Skautakona ársins er **Aldís Kara Bergsdóttir**



Aldís Kara Bergsdóttir

Aldur: 19 ára

Félag: Skautafélag Akureyrar (SA)

Aldís Kara er Skautakona ársins í fjórða sinn í röð.

Í janúar 2022 keppti Aldís Kara fyrst íslenskra skautara á Evrópumeistaramóti á listskautum í Tallinn, Eistlandi. Aldís Kara hlaut 42,23 stig sem skilaði henni 34. sæti. Eftir þátttökuna á Evrópumeistaramótinu keppti hún á Norðurlandamótinu í Hørsholm, Danmörku, en þar hlaut hún alls 119,75 stig. Það eru hæstu stig sem íslenskur skautari hefur fengið á Norðurlandamóti. Aldís lauk svo tímabilinu með þátttöku á RIG með alls 117,31 stig. Aldís hefur alla tíð skautað með Skautafélagi Akureyrar og síðustu ár undir handleiðslu Darja Zajcenko. Í sumar tók hún þá ákvörðun að flytja sig yfir til Fjölnis og æfði þar undir leiðsögn Benjamin Naggiar. Síðasta mót Aldísar var svo Haustmót 2022 sem haldið var í Egilshöll þar sem hún fékk 93,19 stig.

Aldís tilkynnti nýverið að hún hefði lagt skautana á hilluna eftir 15 ára farsælan skautuferil.

Sem afreksskautari í Senior flokki var Aldís Kara sífellt að bæta sinn persónulega árangur en Íslandsmet hennar eru 136,14 heildarstig sem hún náði á Íslandsmóti 2021.

Besta árangri á alþjóðlegu móti náði hún á Finlandia Trophy 2021 þar sem hún hlaut 122,11 heildarstig.

Skautuferill hennar er mikilvægur fyrir alla íþróttina en hún er fyrsti íslenski skautarinn til að hljóta þátttökurétt á Heimsmeistaramóti unglunga og á Evrópumeistaramóti í 27 ára sögu Skautasambandsins.



Skíðakona og Skíðamaður ársins eru Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Snorri Einarsson



Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir

Aldur: 24 ára

Félag: Gímufélagið Ármann

Hólmfríður Dóra, skíðakona úr Ármanni, keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Peking í febrúar og var landi og þjóð til sóma. Þar náði hún 32. sæti í risasvigi og stórbætti stöðu sína á heimslista. Hún náði einnig 38. sæti í svigi af 88 keppendum sem hófu keppni.

Hólmfríður varð þrefaldur Íslandsmeistari á Skíðamóti Íslands í mars. Hún náði fjórum sinnum á verðlaunapall á alþjóðlegum mótum erlendis og var 12 sinnum meðal fimm bestu í svigi, stórsvigi, risasvigi, bruni og alpa-tvíkeppni.

Hólmfríður sigraði Belgíska meistaramótið í risasvigi, sem fram fór í Val d'Isère í apríl og er meðal 200 bestu skíðakvenna í risasvigi í heiminum í dag. Í ágúst síðastliðnum keppti Hólmfríður í Nýja Sjálandi og náði þar 74 stigum í álfubikarkeppni en hún endaði í 5. sæti í risasvigi og 9. sæti í stórsvigi.

Hólmfríður var í desember meðal þeirra sem tilnefndar voru til Íþróttakonu Reykjavíkur og var valin Íþróttakona Ármanns árið 2022.



Snorri Einarsson

Aldur: 36 ára

Félag: Skíðagöngufélagið Ullur

Snorri náði besta árangri skíðagöngumanns á Íslandi frá upphafi á Vetrarólympíuleikunum í Peking. Á Ólympíuleikunum náði hann 23. sæti í 50 km skíðagöngu með frjálstri aðferð, 29. sæti í 30 km skiptigöngu, 36. sæti í 15 km skíðagöngu með hefðbundinni aðferð og varð í 19. sæti í liðasprettinum.

Snorri varð einnig í 13. sæti á alþjóðlegu FIS móti í 15 km með frjálstri aðferð.

Snorri er þrefaldur Íslandsmeistari í skíðagöngu á árinu í 10 km göngu með frjálstri aðferð, 15 km með hefðbundinni aðferð og í 1 km sprettgöngu. Þá sigraði Snorri einnig 10 km hlaupið í Reykjavíkumaraþoninu.

Snorri var valinn íþróttamaður Reykjavíkur 2022. Hann er ekki bara einn besti íþróttamaður Íslands heldur er hann líka mikil fyrirmynd og leiðandi í sínu umhverfi. Hann er mjög jákvæður og smitar út frá sér í landsliðinu sem fyrir vikið hefur aukið bæði gæði og árangur annarra liðsmanna í íslenska landsliðinu.



Skotíþróttakona og Skotíþróttamaður ársins eru Jórunn Harðardóttir og Hákon Þór Svavarsson



Jórunn Harðardóttir

Aldur: 54 ára

Félag: Skotfélag Reykjavíkur

Jórunn sigraði í keppni með loftriffli á Reykjavíkurlaikunum í vor.

Hún varð einnig Íslandsmeistari í þremur greinum á árinu, í keppni með riffli í liggjandi stöðu, í þrístöðuriffli og í keppni með loftskammbýssu.

Jórunn jafnaði Íslandsmet sitt í loftskammbýssu í desember og setti nýtt Íslandsmet í þrístöðuriffli í mars.



Hákon Þór Svavarsson

Aldur: 44 ára

Félag: Skotíþróttafélag Suðurlands

Hákon Þór varð Norðurlandameistari í haglabýssu á NM í sumar.

Hann tryggði sér þátttökurétt á Evrópuleikunum í Krakow í Póllandi á næsta ári, með frábærum árangri á Evrópumeistaramótinu á Kýpur þar sem hann hafnaði í 13. sæti.

Hákon Þór er sem stendur í 44. sæti á heimslistanum.



Skylmingakona og Skylmingamaður ársins eru **Anna Edda Gunnarsdóttir Smith og Andri Nikolaysson Mateev**



Anna Edda Gunnarsdóttir Smith
Aldur: 17 ára
Félag: Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH)

Þetta er í annað skiptið sem Anna Edda Gunnarsdóttir Smith hlýtur titilinn Skylmingakona ársins.

Hún fékk silfurverðlaun í keppni kvenna með höggsverði á Reykjavíkurleikunum í byrjun árs 2022.

Anna Edda hafnaði í öðru sæti í liðakeppni kvenna á Norðulandameistaramótinu á árinu, sem var haldið í Danmörku og hafnaði einnig í þriðja sæti í kvennaflokki U20.

Hún er án efa ein efnilegasta skylmingakona Íslands og hefur mikla möguleika í að ná langt í framtíðinni.



Andri Nikolaysson Mateev
Aldur: 22 ára
Félag: Skylmingafélag Reykjavíkur

Andri Nikolaysson Mateev er Skylmingamaður ársins í sjötta sinn.

Hann varð RIG meistari á árinu og vann sterkt alþjóðlegt mót í Sofíu í Búlgaríu. Andri hafnaði í öðru sæti á alþjóðlegu móti í Búkarest í Rúmeníu.

Andri æfir í Ólympíuhópi Christian Bauers í Frakklandi. Christian hefur unnið með handhöfum allt að fimm Ólympíugullverðlaunum sem þjálfari og er það afar mikill heiður að fá að vinna með honum.

Aðalmarkmið Andra er að ná þátttökurétti á Ólympíuleikunum og leggur hann mikið á sig til að eiga möguleika á því að keppa í París árið 2024.



Sundkona og Sundmaður ársins eru Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Anton Sveinn McKee



Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Aldur: 22 ára

Félag: Álaborg, Danmörku

Snæfríður Sól er 22 ára gömul og syndir fyrir Álaborg í Danmörku. Hún náði bestum árangri íslenskra kvenna í sundi á árinu 2022, samkvæmt útgefnum viðmiðum SSÍ. Snæfríður Sól varð í 15. sæti í 200m skriðsundi á EM50 í Róm í ágúst 2022. Í nóvember bætti hún 12 ára gamalt Íslandsmet í 100m skriðsundi og í desember tvíbætti hún það met á HM25 í Melbourne í Ástralíu. Þar komst hún einnig í 16 manna úrslit og varð í 15. sæti af 64 keppendum. Hún bætti um betur þegar hún hafnaði í ellefta sæti á sama móti þegar hún synti á nýju Íslandsmeti í 200m skriðsundi. Snæfríður er búin að bæta það met í tvígang á síðustu tveimur mánuðum. Snæfríður Sól setti því samtals fimm Íslandsmet á árinu. Frábær árangur hjá henni á þessu ári en hún varð einnig Bikarmeistari með liði sínu Álaborg í nóvember.

Snæfríður Sól er í 6. sæti á lista yfir hröðustu sundkonur í Evrópu þessa stundina í 200m skriðsundi og í 28. sæti á heimslistanum í sömu grein. Hún synti á sínum yngri árum í Hveragerði fyrir Sundfélagið Hamar, en flutti til Árósa þegar hún var 11 ára gömul. Hún keppti á ÓL ungmenna sem haldnir voru í Buenos Aires 2018 og keppti á sínum fyrstu ÓL í Tókýó 2020.

Snæfríður er góð fyrirmynd jafnt sem sundkona og íþróttamaður utan laugar. Hún stundar nú sálfræðinám í Háskólanum í Álaborg.



Anton Sveinn McKee

Aldur: 29 ára

Félag: Sundfélag Hafnarfjarðar (SH)

Anton Sveinn McKee er Sundmaður ársins fimmta árið í röð.

Anton Sveinn synti á Heimsmeistaramótinu í 50m laug í Búdapest í júní og komst í átta manna úrslit í 200m bringusundi og endaði í 6. sæti, á nýju Íslandsmeti. Litlu munaði að hann tryggði sér verðlaun í þeirri grein. Á sama móti varð hann í 17. sæti í 100m bringusundi. Á EM í Róm synti hann einnig inn í úrslit og varð í 6. sæti. Í desember synti Anton á HM í 25m laug og varð í 10. sæti í 200m bringusundi.

Árangur Antons á árinu er stórgóður. Á Spænska meistaramótinu í apríl sigraði hann 100m og 200m bringusundi á nýju Íslandsmeti í 200m bringusundi. Á þessu áru hefur hann bætt eigið met í 200m bringusundi í þrígang.

Anton Sveinn er í 12. sæti á heimslistanum í 200m bringusundi og í 11. sæti á lista yfir hröðustu sundmenn í Evrópu í sömu grein. Hann var eini íslenski íþróttamaðurinn sem náði A-lágmarki fyrir ÓL í Tókýó 2020.

Anton Sveinn er góð fyrirmynd sem sundmaður og íþróttamaður utan laugar með þrautseigju sinni og góðri ástundun. ÓL í Tókýó voru þriðju leikar Antons og nú undirbýr hann sig fyrir ÓL í París 2024.

Anton hefur verið eljusamur/duglegur við að miðla reynslu sinni og þekkingu til ungra og uppnennandi sundmanna á undanförunum misserum.



Taekwondokona og Taekwondomaður ársins eru Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Leo Anthony Speight



Ingibjörg Erla Grétarsdóttir

Aldur: 28 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk

Ingibjörgu Erlu þarf vart að kynna fyrir þá sem fylgjast með Taekwondo bardaga á Íslandi. Hún keppir nú í -57 senior og hefur verið í algjörum sérflokki þar og er sá kvenkeppandi okkar sem hefur landað stærstu alþjóðlegu medalíunum. Má þar meðal annars nefna silfur á Serbian open G1 sem var gríðarlega sterkt mót.

Ingibjörg Erla er einnig margfaldur Íslands og Norðurlandameistari og frábær fyrirmynd fyrir alla sem koma að taekwondo á Íslandi.

Árið 2022 hefur verið viðburðaríkt hjá Ingibjörgu Erlu þó svo að meiðsli hafi sett strik í reikninginn framan af ári. Hún hefur sótt fjölda móta og æfinga erlendis og bættingin verið heilmikil og árangurinn eftir því.

Ingibjörg Erla hefur verið að keppa á G-mótum sem eru sterkustu alþjóðlegu mótin og hefur núna í haust keppt á þremur slíkum plús HM sem haldið var í Mexíkó.

Hún hefur rokið upp heimlistann og komist úr sæti 217 upp í sæti 101.

Aftek á árinu :

5. sæti Dracula Open 2022 G2

33. sæti HM Guadalajara 2022 World Taekwondo Championships

Leo Anthony Speight

Aldur: 21 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk

Leo Anthony hefur um árabíl verið okkar öflugasti bardagamaður. Hann er tilnefndur sem Íþróttamaður Hafnarfjarðar 2022 og hefur tvisvar verið valinn Taekwondomaður ársins.

Leo keppir í -68 senior, einum erfiðasta flokki sem hægt er að keppa í. Hann hefur unnið allt sem hægt er að vinna á Íslandi og er margfaldur Íslandsmeistari og Norðurlandameistari. Hann hefur einnig unnið til margra verðlauna á alþjóðlegum mótum.

Leo er flott fyrirmynd, bæði þegar kemur að aga við æfingar og íþróttamannslega hegðun.

Hann flutti til Manchester í byrjun árs til að æfa með þeim bestu. Leo hefur verið að keppa á G-mótum, sterkustu alþjóðlegu mótunum, og í haust keppti hann fyrstur Íslendinga á Grand Prix móti, sem eru einungis fyrir bestu taekwondo keppendur í heiminum. Hann hefur flogið upp heimlistann og fór hæst í sæti 87 en endar árið í sæti 101 (byrjaði árið í sæti 446). Það hefur verið mikill stífgandi í árangri og undir lok ársins vann hann gull á Breska meistaramóti í mjög öflugum -68 senior flokki.

Annar árangur á árinu:

17. sæti á 7th WT President's Cup Europe G2

9. sæti á Belgian Open 2022 G2

5. sæti European Club Championships 2022 G2

5. sæti á Tallinn Open 2022 G2

17. sæti á Manchester 2022 World Taekwondo Grand-Prix G6





Tennissamband Íslands



Tenniskona og Tennismaður ársins eru **Sofia Sóley Jónasdóttir og Rafn Kumar Bonifacius**



Sofia Sóley Jónasdóttir

Aldur: 20 ára

Félag: Tennisfélag Kópavogs

Sofia Sóley var ósigrandi á mótaröð Tennissambands Íslands í ár og var sigurvegari í einliðaleik á öllum þremur stærstu tennismótum ársins; Íslandsmóti TSÍ utanhúss, Íslandsmóti TSÍ innanhús og Jóla- & Bikarmóti TSÍ.

Auk þess varð hún tvíliðaleiksmeistari á Íslandsmóti TSÍ innanhúss.

Sofia Sóley er frábær fyrirmynd bæði innan vallar sem utan en hún stundar nám í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík.



Rafn Kumar Bonifacius

Aldur: 28 ára

Félag: Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur

Rafn Kumar var spilandi liðsstjóri fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti karla landsliðakeppni ("Davis Cup") í Baku, Azerbaijan, í júlí og vann þar þrjá leiki.

Hann var ósigrandi á mótaröð Tennissambands Íslands í ár, var sigurvegari í einliðaleik á Íslandsmóti TSÍ innanhúss og Íslandsmóti TSÍ utanhúss og náði þrennuni með sigri á Íslandsmóti í liðakeppni meistaraflokks, með Hafna- og mjúkboltafélagi Reykjavíkur.

Hann er auk þess Stigameistari TSÍ í karlaflokki á árinu 2022.

Rafn Kumar keppti á fjórum atvinnumótum á mótaröð Alþjóðatennissambandsins í ár (í Bosnía Herzegovínu og Túnis) og er nú staddur í Túnis að keppa í fleiri atvinnumótum.

Líkt og Sofia Sóley, þá hefur Rafn Kumar verið frábær fyrirmynd innan sem utan vallar.





Þríprautarkona og þríprautarmaður ársins eru Guðlaug Edda Hannesdóttir og Sigurður Örn Ragnarsson



Guðlaug Edda Hannesdóttir

Aldur: 28 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Guðlaug Edda tók þátt í þremur mótaroðum hjá Alþjóðapríprautarsambandinu á árinu og keppti á alls 11 mótum.

Fyrstu tvö mótin voru í Evrópubikarkeppninni þar sem hún náði sínum besta árangri þegar hún hafnaði í 9. sæti í sprettþraut í Melilla.

Guðlaug Edda keppti fjórum sinnum í heimsbikarnum og náði bestum árangri sínum í sprettþraut í Arzachena og mikilvægum stigum á úrtökulistann fyrir Ólympíuleikana 2024.

Guðlaug Edda keppti á fimm mótum í heimsmeistararóðinni, tryggði sér þátttökurétt á lokamótinu í þeirra mótaroð og hafnaði þar í 35. sæti. Hún endaði í 64. sæti í heildarstigakeppninni, sem er hennar besti árangur í þessari mótaroð.

Árangur Guðlaugar Eddu í keppnum sumarsins hafa skilað henni mikilvægum Ólympíustigum en Guðlaug stefnir á Ólympíuleikana í París 2024.

Þetta er 6. árið í röð sem Guðlaug Edda er valin Þríprautarkona ársins.



Sigurður Örn Ragnarsson

Aldur: 31 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Sigurður Örn Ragnarsson vann fjórar af fimm bikarkeppnum sumarsins á Íslandi með yfirburðum, sem skilaði honum Bikarmeistaratitlinum.

Sigurður Örn varð jafnframt Íslandsmeistari í ólympískri þrípraut, fimmta árið í röð.

Hann sigraði svo Ironman Barcelona í október, keppni í heilum járnmanni og varð á sama tíma fyrstur Íslendinga til að sigra alþjóðlega Ironman keppni. Árangurinn veitti honum keppnisrétt á Heimsmeistaramótinu í járnmanni árið 2023.

Þetta er 5. árið í röð sem Sigurður er valinn Þríprautarmaður ársins.



